

Austurbrú

Starfsáætlun 2026



Austurbrú


Austurbrú var stofnuð árið 2012 með sameiningu verkefna á sviði þekkingar, menningar og atvinnuþróunar á Austurlandi. Árið 2018 fluttust öll verkefni SSA inn í Austurbrú og hefur stofnunin síðan starfað sem ein heild í þágu sveitarfélaga og samfélags á Austurlandi.

Starfssvæði Austurbrúar nær yfir Austurland allt og þjónar fjórum sveitarfélögum; **Múlaþingi, Fjarðabyggð, Vopnafirði og Fljótshlí**.

Starfsemi Austurbrúar byggir á sameiginlegum stefnumótandi grunni þar sem **Svæðisskipulag Austurlands** og **Sóknaráætlun landshlutans** marka áherslur og forgangs röðun.

Meginhlutverk Austurbrúar er að vera samstarfsvettvangur sveitarfélaga og stoð við uppbyggingu og farsæld á Austurlandi.

Austurbrú er með sex starfsstöðvar og ríflega tuttugu starfsmenn.



Hvað gerir Austurbrú?

Austurbrú vinnur að eflingu Austurlands með því að leiða og samhæfa verkefni sem styðja við byggðapróun, atvinnulíf og samfélagslega farsæld í landshlutanum.

Austurbrú veitir sveitarfélögum, fyrirtækjum og íbúum þjónustu og ráðgjöf á sviði fræðslu, nýsköpunar, þróunarverkefna og samstarfs við opinbera aðila.

Stofnunin gegnir lykilhlutverki í framkvæmd **Sóknaráætlunar Austurlands** og vinnur að stefnumótun og verkefnum sem byggja á **Svæðisskipulagi Austurlands** og sameiginlegum áherslum sveitarfélaganna.

Austurbrú er tengiliður Austurlands við ráðuneyti, háskóla, Byggðastofnun og aðra samstarfsaðila á landsvísu og styður við uppbyggingu þekkingar og þjónustu í landshlutanum.

Austurbrú leiðir jafnframt samstarf sveitarfélaga á Austurlandi **SSA – Samband sveitarfélaga á Austurlandi** og vinnur að því að styrkja sameiginlega rödd svæðisins, meðal annars með þátttöku í stefnumótun, umsögnum um lagafrumvörp og eftirfylgni áætlana sem varða hagsmuni Austurlands.

Stjórn Austurbrúar

Stjórn Austurbrúar skal vera skipuð sjö aðalmönnum. Fimm koma af vettvangi sveitarstjórnarmála og eru jafnframt stjórnarmenn SSA. Tveir koma frá vettvangi atvinnulífs, menningar og menntunar.

Stjórnin mótar heildarstefnu Austurbrúar, setur forgangsörðun í samræmi við **Sóknaráætlun Austurlands**, Svæðisskipulag og markmið sveitarfélaganna, samþykkir starfs- og fjárhagsáætlanir og fylgist með framkvæmd þeirra.

Stjórnin hefur eftirlit með rekstri stofnunarinnar og úthlutunum, gætir hagsmuna sveitarfélaganna gagnvart stjórnvöldum og öðrum samstarfsaðilum og veitir framkvæmdastjóra stefnumótandi leiðsögn.

Stjórnin fundar reglulega, bæði í fjarfundi og á staðfundum yfir árið, og fundargerðir eru sendar aðildarsveitarfélögum til kynningar og eru aðgengilegar samkvæmt verklagi stofnunarinnar.

Stjórn

Af vettvangi sveitarstjórnarmála:

Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður (Múlaþing)
Þuríður Lillý Sigurðardóttir, varaformaður (Fjarðabyggð)
Eypór Stefánsson (Múlaþing)
Stefán Þór Eysteinnsson (Fjarðabyggð)
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (Vopnafjarðarhreppur)
Jóhann F. Þórhallsson, áheyrnarfulltrúi (Fljótisdalshreppur)

Af vettvangi ferðaþjónustu:

Díana Mjöll Sveinsdóttir

Af vettvangi atvinnulífs og nýsköpunar:

Sindri Sigurðsson


Fundir og þing

Ársfundur Austurbrúar og aðalfundur SSA verða haldnir á Fáskrúðsfirði 20. mars 2026 í Fjarðabyggð.

Haustþing SSA Verður haldið 17. – 18. september 2026 á Norðfirði í Fjarðabyggð. Í tilefni af **60 ára afmælisári SSA** verður sérstök áhersla á að kynna starfsemi samtakanna frá upphafi til dagsins í dag og þá sértaklega fyrir nýju sveitarstjórnarfólki.

SSA var stofnað 8. október 1966 á Norðfirði. Merki SSA hefur nú verið sett í afmælisbúning – 60 ára SSA samstarf í sextíu ár.





Austurland

Á Austurlandi er samheldið fjölmenningsamfélag með lífsgæði í forgrunni. Litríkt listalíf, ríkur menningararfur og áhugaverðir staðir á fjörðum, héraði og hálendi veita gnótt tækifæra til að upplifa sannkölluð ævintýri. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda og þekkingu og sköpunarkrafti íbúa.

Fjölmörg spennandi tækifæri til uppbyggingar eru framundan á Austurlandi og eitt af hlutverkum Austurbrúar er að styðja sveitarfélögin og atvinnulíf svæðisins til að grípa þau tækifæri.

Það er meðal annars gert með hagsmunagæslu fyrir landshlutann varðandi uppbyggingu innviða, greiningu á fjárfestingatækifærum, stuðningi við frumkvöðla og samstarfi við aðildarsveitarfélög, stjórnarráðið, Byggðastofnun, menntastofnanir og aðra lykilaðila í stoðkerfi atvinnulífs og nýsköpunar.

Svæðisskipulag Austurlands

Sameiginleg stefna sveitarfélaganna á Austurlandi árin 2022-2044 þar sem hagsmunir þeirra fara saman á sviði umhverfis, efnahags, samfélags og menningar til að tryggja sjálfbæra þróun, komandi kynslóðum í hag. **Sóknaráætlun Austurlands** er aðgerðaáætlun svæðisskipulagsins.

Svæðisskipulagið tekst á við **helstu áskoranir landshlutans** í náinni framtíð:

1. Styrkja mannauð og efla nýsköpun.
2. Efla samvinnu á milli sveitarfélaga, íbúa, fyrirtækja og stofnana samfélagsins.
3. Stuðla að lýðfræðilegu jafnvægi, góðu heilsufari íbúa og að menning og listir blómstri.
4. Nýta auðlindir með sjálfbærum hætti og stuðla að þróun hringrásarhagkerfis.
5. Vernda og styrkja landslagssérkenni og menningararf.
6. Takast á við loftslagsbreytingar og styrkja líffræðilega fjölbreytni.



Starfsáætlun Austurbrúar

Gildandi **Sóknaráætlun Austurlands** og þar með **svæðisskipulagið** eru ávallt höfð til grundvallar við uppsetningu starfsáætlunar hvers árs. Að auki tekur starfsáætlun mið af öðrum þáttum líkt og áherslum aðildarsveitarfélaga, ályktunum og áherslum stjórnar, ábendingum starfsfólks, verkefnum SSA og gildandi samningum við stjórnvöld og samstarfsaðila.

Starfsáætlunin endurspeglar þannig sameiginlega forgangsröðun landshlutans og markar stefnu Austurbrúar í þjónustu, þróun og uppbyggingu á Austurlandi.



Dæmi um verkefni og áherslur 2026

- Eftirfylgni með Sóknaráætlun Austurlands og aðgerðaráætlun hennar.
- Stuðningur við atvinnuþróun og nýsköpun í landshlutanum. Atvinnustefna Íslands og ný byggðaaætlun.
- Efling menntunar og háskólastarfsemi á Austurlandi.
- Menningarverkefni og efling skapandi greina.
- Sjálfbærni í matvælaframleiðslu svæðisins.
- Efling millilandaflugs um Egilsstaðaflugvöll og flugráðstefna.
- Efling rannsóknar- og þróunarstarfs sem styður við byggðafestu og fjölbreytt atvinnulíf á svæðinu.
- Umhverfis-, orku og loftlagsmál með þátttöku í Evrópuverkefnum og samstarfi við verkefni Eyglóar.
- Farsæld allra íbúa með sérstaka áherslu á farsældarráð barna, öldrunarmál og innflytjendur.

Þekking, þróun, þjónusta


Skipuleggjum og stýrum rannsóknar- og greiningarverkefnum sem byggja á sérstöðu svæðisins í náttúru, atvinnulífi og menningu.

Meðal verkefna fyrir árið 2026:

- Efnahagsgreining á Austurlandi
- Sjálfbærniverkefni um náttúru, samfélag, menntun, íbúáþróun, atvinnulíf á Austurlandi í 20 ár
- Evrópuverkefni um viðbrögð og upplýsingar um náttúru- og loftslagsvá
- Norræn verkefni um fæðuöryggi og varðveislu matarmenningar



Fræðslumál



Fræðsluverkefni Austurbrúar byggja á samstarfssamningum við opinbera aðila og atvinnulíf með það að markmiði að tryggja fjölbreytta og aðgengilega fræðsluþjónustu fyrir fullorðna á Austurlandi. Áhersla er lögð á símenntun, háskólaþjónustu og fyrirtækjafræðslu sem styður við samfélag og atvinnuþróun í landshlutanum.

Fræðslustarf Austurbrúar er unnið samkvæmt EQM+ gæðavottuðu kerfi sem tryggir fagleg vinnubrögð, gagnsæi og stöðuga umbótamenningu.

Meðal verkefna fyrir árið 2026:

- Fyrirtækjafræðslu
- Áhersla á íslenskukennslu fyrir fólk af erlendum uppruna
- Eflingu háskólasamfélags og aðgengi að háskólanámi
- Símenntun og fræðsluleiðir
- Stóriðjuskólinn
- Prófaumsýsla og þjónusta við nemendur

Fjárfestingar, nýsköpun og byggðapróun

Meðal verkefna fyrir árið 2026:

- Stuðningur við frumkvöðla, fyrirtæki og nýsköpunarverkefni
- Fjárfestingatækifæri heima og erlendis.
- Verkefni sem styrkja brothættar byggðir – Sterkur Stöðvarfjörður
- Starfamessa
- Efnahagsleg áhrif ferðapjónustu, menningar og viðburða.



Saman á Austurlandi



Austurland 2026

austurbru.is

austurbru@austurbru.is

ssa@ssa.is

